

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 392 29. október 1976 um
gatnagerðargjöld í Dalvíkurkaupstað.

1. gr.

5. mgr. 14. gr. orðist svo:

Skuldabréfin skulu tryggð með veði í viðkomandi fasteign, þau skulu bera sömu vexti og útlán Byggðasjóðs (B-lán) til þessara framkvæmda, er greiðist eftir á, á gjalddaganum 1. júlí ár hvert.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 og nr. 31/1975 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. desember 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

31. desember 1976.

Nr. 450.

G J A L D S K R Á

Rafmagnsveitna ríkisins um heimtaugargjöld í sveit.

1. gr.

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu Rafmagnsveitna ríkisins eða fá heimtaug úr héraðsrafmagnsveitu þeirra, sem fyrir er eða fá tengt hús eða viðbyggingu við hús, sem er grunnjaldsskylt (sbr. 2. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

Upphæð heimtaugargjaldsins ákveðst skv. 2. gr. nema heimtaugargjalda í kaupstöðum, kaupúnum og þorpum, sem ákveðin eru í sérstakri gjaldskrá sem ráðherra staðfestir.

2. gr.

Heimtaugargjald skal vera grunnjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatverði. Grunnjald skal vera kr. 95 000 á hvern notanda og til viðbótar við grunnjald skal greiða 1.2 af hundraði af fasteignamatverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að kr. 2 000 000 matsverði, og 0.6 af hundraði af þeim hluta fasteignamatverðs, sem er fram yfir kr. 2 000 000, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1.5 km á hverjar 95 000 krónur, sem áætlað er að greiðist í grunnjöldum.

Framangreint grunnjald kr. 95 000 miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 1998 stig. Grunnjaldið breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar grunnjaldi almanaksársins.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur rafmagnsveitustjóri ríkisins áætlað matsverð með hliðsjón af þeim reglum, sem